

Leiðbeinandi umsóknarreglur vegna veiðiprófa fyrir tegundahóp 7

1. Þegar sótt er um leyfi til að halda veiðipróf í nafni HRFÍ þarf að koma fram nákvæm og endanleg kostnaðaráætlun vegna hvers prófs sem sótt er um. Einungis verður hægt að krefjast endurgreiðslu vegna þeirra þátta sem taldir eru til í áætlun og samþykktir af stjórn HRFÍ. Ef eitthvað fer fram úr kostanaðaráætlun ber viðkomandi deild þann kostnað nema sérstaklega sé um annað samið.
2. Þegar sótt er um leyfi til að halda veiðipróf í nafni HRFÍ, þar sem viðkomandi deild mun standa sjálf undir prófinu (og taka sér þann gróða eða það tap sem mögulega myndast við prófið) þá þarf að gera ráð fyrir umsýslukostnaði HRFÍ vegna prófsins í kostnaðaráætlun.

Viðkomandi deild þarf þá líka að geta sýnt fram á að hún hafi næga eigin fjármuni til að standa undir prófi og/eða skriflega yfirlýsingu frá styrktaraðila um styrk við prófið. Í þeirri yfirlýsingu þarf að koma fram hvaða þætti við viðkomandi próf styrktaraðilinn styrkir, það er síðan á ábyrgð deildanna að innheimta þann styrk.

Í þeim tilfellum sem deild stendur sjálf undir prófi, sér stjórn deildarinnar (eða styrktaraðili) alfarið um að greiða flug/bensínkostnað, gistingu og uppihald dómara og annarra starfsmanna prófs og annan kostnað sem fellur til við prófið svo sem skot og fleira.

Eigi síðar en mánuði eftir próf skal allt uppgjör vegna prófsins fara fram, reikningar sem koma eftir þann tíma falla á þá deild sem prófið heldur.

3. Í umsókn um leyfi til að halda veiðipróf í nafni HRFÍ bera að tilgreina hvort áformað er að bjóða íslenskum og/eða erlendum dómurum að dæma viðkomandi próf, prófstjóra prófs og hvar halda á prófið. Að minnsta kosti 2 vikum fyrir próf skal tilnefna fulltrúa HRFÍ í prófinu.
4. Stjórn HRFÍ mun einungis fjalla um umsóknir sem falla að þessum kröfum, öðrum umsóknum verður vísað aftur til deildanna og þeim boðið innan hæfilegs frests að betrumbæta umsóknina. Ef umsókn er áfram ófullnægjandi mun henni verða vísað frá.
5. Umsóknir um veiðipróf skulu berast stjórn HRFÍ fyrir 31. október á árinu fyrir viðkomandi starfsár.